# Tillögur til heilbrigðisráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglinga með geðraskanir

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón Kristjánsson.

Í september 2003 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd sem falið var að gera tillögur til ráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglinga með geðraskanir. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni m.a. ætlað „að skila tillögum um hvernig haga skuli þessari þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, hvernig best megi tryggja samspil þjónustuþáttanna, hvaða þjónustuform og rekstarform séu heppilegust og fleira er varðar heildarskipulag heilbrigðisþjónustu við þennan hóp skjólstæðinga."

Í kjölfar þess að ráðherra skipaði verkefnisstjóra í tímabundið starf til að vinna að stefnumótun í málefnum barna og unglinga með geðraskanir var hlutverki nefndarinnar breytt og ákveðið að hún skyldi greina þau vandamál í þjónustunni þar sem tafarlausra úrbóta væri þörf og leggja fram tillögur til ráðherra á grundvelli þess.

Hér með fylgir greinargerð nefndarinnar ásamt tillögum hennar.

Reykjavík, 24. nóvember, 2005

Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri, formaður nefndarinnar,

Dagný Brynjólfsdóttir, deildarstjóri,

Hólmfríður Grímsdóttir, deildarstjóri,

Páll Biering, lektor í geðhjúkrun,

Sigurður Guðmundsson, landlæknir,

Sólveig Ásgrímsdóttir, sálfræðingur,

Gísli Baldursson, læknir,
- skilar séráliti.